

Íslenskur iðnaður

05. tölublað 15. árg.

Mái 2009

Samtök iðnaðarins

SI



Hörður Arnarson hefur leitt eitt farsælasta íslenska fyrirtæki í áratug. Í opnuviðtali við Íslenskan iðnað á bls. 6 og 7 segir hann frá árunum með Marel, tímamótunum sem hann stendur á og nýju hlutverki, en hann fer fyrir nýrri Evrópunefnd Samtaka iðnaðarins.

Nýr iðnaðarráðherra boðinn velkominn

Samkvæmt breytingum á skipan ráðherra í nýrri ríkisstjórn tekur Katrín Júlíusdóttir við af Össuri Skarphéðinssyni sem iðnaðarráðherra. Katrín hefur verið formaður iðnaðarnefndar Alþingis. Samtök iðnaðarins hafa ávallt lagt ríka áherslu á að eiga gott samstarf við iðnaðarráðherra og ráðuneyti hans.



Um leið og Katrín er boðin velkomin senda Samtök iðnaðarins fyrirverandi iðnaðarráðherra, Össuri Skarphéðinssyni, góðar kveðjur og þakkar fyrir samstarf liðinna ára.

Útboð í tvöföldun Suðurlandsvegar hefst á árinu

Samgönguráðherra og Vegamálastjóri hafa samþykkt tvöföldun Suðurlandsvegar. Einum milljarði er ráðstafað í verkið á þessu ári. Fyrsti hluti þess, kaflinn milli Lögbergsbrekku og Litlu kaffistofunnar, verður boðinn út síðar á árinu. Heildarkostnaður er áætlaður í kringum 15,9 milljarðar króna.

Kristján Möller, samgönguráðherra, og Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri, kynntu tillögurnar. Á vef Vegagerðarinnar segir að leiðin milli Reykjavíkur og Selfoss verði 2+2 vegur að undanskildum kafla í Svínahrauni og á Hellisheiði sem yrðu 2+1 vegur. Sá kafli sem fyrst verður boðinn út verður 2+1 vegur með aðskildum akstursstefnum þar sem vegbreidd er 15,5 metrar.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Vegagerðarinnar.



bls. 3



Mentor hlýtur Vaxtar-sprotann

bls. 4



Íslensk glerframléiðsla í 40 ár

bls. 9



Ný úrgangstilskipun ESB

bls. 10



Lang stærsti samningur Marorku

bls. 12



Staða fyrirtækja í líftækni góð

Tíminn er kominn



Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI

Kosningar eru að baki. Nýtt kjörtímabil er framundan. Sitjandi ríkisstjórn er ekki lengur minnihlutastjórn og hefur því þingstyrk til að taka til hendinni. Þegar þetta er ritað (5. maí) hefur samkomulag ekki tekist um stjórnarsáttmála og því ekki endanlega útséð hvernig málum lykta. Myndun nýrrar stjórnar má alls ekki dragast á langinn. Hver dagur sem líður án þess að fyrir liggi hvað stjórnvöld ætla sér á næstu dögum, vikum og misserum er dýrkeyptur.

Verkefnið eru ærin

Það er brýnt að á næstu dögum verði kynnt víðtæk endurreisnaráætlun sem felur í sér sýn um hvert við ætlum okkur með íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Um leið verður að marka skýrar leiðir um hvernig á að komast þangað. Brýnasta verkefnið er án efa að blása til nýrrar sóknar og telja kjark á þjóðina. Stjórnvöld verða að sannfæra okkur um að við munum yfirstíga erfiðleikana og ná okkur á strik að nýju. Það á ekki að gera með því að breiða yfir vandann eða hlífa fólki við erfiðum staðreyndum. Hér gildir ekki að frestur sé á illu bestur eins og Göran Person, fv. forsætisráðherra Svía minnti okkur á í lok síðasta árs. Þvert á móti á að leggja öll spil á borðið um leið og gerð er grein fyrir því hvernig ætlunin er að spila úr stöðunni. Það eru allir reiðubúin til þess að hefjast handa – nú vantar bara öfluga verkstjórn.

Nokkra grundvallarþætti verður að hafa í huga vegna endurreisnarstarfsins:

- vexti verður að lækka verulega og það strax
- senda þarf skýr skilaboð um peninga- og myntmál
- bankakerfið verður að komast í fullan gang og fara að lána
- krónubrúfavandann verður að leysa
- örva verður framkvæmdir og neyslu
- skapa trú og traust á innlendri efnahagsstarfsemi
- gera þarf lífeyrissjóðum mögulegt að koma að endurreisninni
- koma þarf í veg fyrir að atvinnulífið lendi í höndum ríkisins
- tryggja verður stöðugleika í vaxta-, gengis- og verðlagsmálum
- tryggja verður greið utanríkisviðskipti
- gjaldeyrishöftin verður að afnema
- virðisauka og gjaldeyriskjör atvinnulífsins þarf að stórefla
- laða þarf erlenda fjárfesta til landsins
- traust og orðspor á erlendum vettvangi verður að endurvinnna
- atvinnuleysi má ekki festast í sessi

Létta verður drápsklyfjar vaxtanna

Næsti vaxtaákvörðunardagur Seðlabankans er 7. maí. Að óreyndu verður ekki öðru trúað en bankinn taki ákvörðun um myndarlega lækkun vaxta, færi þá að minnsta kosti niður í 10% í stað gildandi 15,5% stýrivaxta sem leiða til yfir 20% vaxtabyrðar af skuldbindingum heimila og fyrirtækja. Hver maður sér að þetta getur ekki gengið svona lengur. Enginn rekstur rís undir þessu vaxtaokri. Það er enginn eftirspurnarþrýstingur sem réttlætir svo háa vexti og færð hafa verið fyrir því gild rök að vaxtalækkun geti jafnvel stuðlað að minnkandi útstreymi gjaldeyris. Það gengur ekki að horfa í baksýnispegilinn og meta verðbólgu á þeim mælikvörðum sem eru ruglaðir vegna gengishruns og hrávöruhækkana liðins árs. Nú þarf að horfa fram á veginn og þá blasir við að verðbólgan er að þurrkast út og raunveruleg hætta er að verða á verðhjöðnun. Þá væri farið úr öskunni í eldinn. Það verður með öllum ráðum að ná vöxtum á svipað stig og annars staðar. Um leið þarf að koma bankakerfinu á fullt skrið til að örva eftirspurn. Verði það ekki gert hratt og örugglega verður vandi íslensks samfélags fljótt illviðráðanlegur.



Ríkið gefi tafarlaust út reglugerð um endurgreiðslu VSK

Samtök iðnaðarins hafa sent Steingrími J. Sigfússyni, fjármálaráðherra, bréf þar sem þess er krafist að reglugerð um aukna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað vegna íbúðahúsnæðis verði tafarlaust gefin út. Í bréfinu segir að ástand á byggingamarkaði sé grafalvarlegt þegar tæpir tveir mánuðir séu frá setningu laga þessa efnis.

Bréfið í heild sinni er að finna á vefsetri Samtakanna www.si.is.

Mentor Vaxtarsproti ársins í annað sinn



Mentor ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2009 sem afhentur var við hátíðlega athöfn í Grasagarðinum í Laugardal 30. apríl síðastliðinn. Þetta er annað árið í röð sem fyrirtækið hlýtur verðlaunin og vex hraðast íslenskra sprotafyrirtækja á einu ári. Mentor jók veltu sína milli árána 2007 og 2008 um næstum 160%. Fyrirtækin Naust Marine, Gogogic og Saga

Medica fengu einnig viðurkenningu fyrir góðan vöxt á síðasta ári.

Það var Össur Skarphéðinsson, þáverandi iðnaðarráðherra, sem veitti Vilborgu Einarsdóttur stjórnarformanni og stofnanda Mentor Vaxtarsprotann. Viðstaddir voru fulltrúar sprotafyrirtækja og stuðningsaðila úr atvinnulífinu.

Við sama tilefni var fyrirtækið Nimble-

Gen Systems – útibú á Íslandi, brautskráð sem sprotafyrirtæki og tekið inn í úrvalsdeild íslenskra hátækniyrirtækja. Fyrirtækið Nikita náði sama áfanga í ár. Síðasta fyrirtækið og jafnframt það fyrsta sem var brautskráð með þessum hætti var CCP árið 2006.

Iðnaðarráðherra var einnig afhent viðurkenning fyrir að hafa stutt ötullega við bakið á sprotafyrirtækjum meðal annars með aðkomu sinni að eflingu Tækniþróunarsjóðs og Frumtaks.

Mentor hefur að mati þriggja manna dómnefndar sýnt mestan hlutfallslegan vöxt sprotafyrirtækja og fær farandgrip til varðveislu til eins árs, auk sérstaks verðlaunaskjaldar til eignar.

Gogogic tilnefnt til Nordic Game verðlaunanna

Íslenska tölvuleikjafyrirtækið

Gogogic hefur verið tilnefnt til Nordic Game verðlaunanna sem afhent verða í Malmö í Svíþjóð þann 19. maí næstkomandi. Symbol6 tölvuleikurinn, sem ætlaður er fyrir iPhone og iPod, er tilnefndur í flokki Best Nordic Talent, fyrir þau fyrirtæki sem þykja hvað efni- legust á Norðurlöndum. Fjögur önnur fyrirtæki eru tilnefnd í þessum flokki.

Jónas Antonsson, framkvæmdastjóri Gogogic, segir tilnefninguna mikla viðurkenningu. Hún muni hjálpa fyrirtækinu gríðarlega á þessum tímapunkti þegar þróunarvinnu sé að mestu lokið og markaðsstarf hafið. „Við erum að fá þarna ákveðna viðurkenningu á því sem við erum að gera.“

Dómar um leikinn hafi verið mjög góðir frá gagnrýnendum og notendum. Þeir virðast flestir vera á því máli að þetta sé frábær leikur og salan hafi verið samkvæmt væntingum fyrirtækisins. Hugmyndin með leiknum hafi meðal annars



verið að ná umfjöllun sem lið í markaðssetningu fyrirtækisins. Það hafi gengið mjög vel eftir.

Þess má geta að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur fjárfest í Gogogic sem var stofnað í apríl árið 2006. Fyrirtækið hefur vaxið hratt og hefur starfsmönnum fjölgað úr tveimur í fimmtán. Gogogic sérhæfir sig í frumlegri leikjahönnun, gerð smærri tölvuleikja og framleiðslu margmiðlunarefnis fyrir vefinn. Einnig sinnir fyrirtækið hugmynda- smíði og markaðsmálum fyrir viðskiptavini sína.

Á síðasta ári hlaut Gogogic styrk frá Nordic Game vegna leiksins Vikings of Thule.

Nýir félagsmenn

Ásberg ehf.
Völuteigi 11
270 Mosfellsbæ

Plexigler
Bakkastíg 20
260 Reykjanesbæ

Íslensk glerframleiðsla í 40 ár



Framkvæmdastjórnar Samverks frá upphafi, frá vinstri Ragnar Pálsson, Gunnar Bragason, Páll G. Björnsson og Einar Kristinsson

Glerverksmiðjan Samverk á Hellu hélt upp á 40 ára starf á afmældisdaginn 18. janúar. Í tilefni þess var opið hús í verksmiðjunni þar sem 500 gestir skoðuðu sýningu með myndum og munum úr sögu fyrirtækisins og gæddu sér á veitingum.

„Það var gaman í veislunni og ánægjulegt að sjá hversu margir mættu,“ segir Guðrún Dröfn Ragnarsdóttir, verkstjóri framleiðslusviðs hjá fyrirtækinu. Gestir hafi verið ánægðir með að skoða fram-

leiðslu Samverks í nútímalegu og vel búnu fyrirtæki.

Mikil samheldni sé innan fyrirtækisins og lögðu makar starfsmanna sitt að mörkum og hjálpuðu til að gera veisluna sem veglegasta.

Starfsmenn fyrirtækisins eru um 40, þar af fjórir með samanlagðan starfsaldur upp á 132 ár. Þeir voru heiðraðir ásamt tíu öðrum sem unnið hafa hjá fyrirtækinu í áratug.

Samverk er eina fyrirtækið hér á landi

sem getur framleitt hert gler. Það býður upp á fjölbreyttar glerlausnir fyrir heimili og fyrirtæki, sérsníðaða sturtuklefa, glerhurðar, glerveggi, sérsníðaða spegla ásamt einangrunargleri í mörgum gerðum.

Fyrirtækið hefur átt í mikilli samkeppni við innflutt gler síðustu ár. Guðrún vonast til að það sé að breytast, fólk spyrji meira en áður hvort vara sé framleidd hér á landi og vilji kaupa íslenskar vörur.

„Það má eiginlega segja að við höfum verið mjög vaxandi síðustu ár og frá aldamótum hafa ýmsar nýjungar komið inn,“ segir Guðrún en nýlega var opnað-ur glæsilegur sýningarsalur að Víkur-



hvarfi 6 í Kópavogi. „Það þýðir ekkert annað en að standa þessa tíma af sér og ég held við eigum góða möguleika, ekki síst vegna þess að framleiðslan er fjölbreytt og vönduð.“

Tölvuleikjafyrirtækjum fjölgar



Tvö ný tölvuleikjafyrirtæki tóku til starfa á Íslandi í janúar, fyrirtækin Mindgames, og finnska fyrirtækið Sauma Technologies. Þau bætast í hóp vaxandi fjölda fyrirtækja sem starfa í tölvuleikjaiðnaði hér á landi.

Á fyrsta fundi starfsmanna og áhugamanna um leikjapróun hittust fulltrúar frá Betware, On the Rocks, Gogogic,

CCP, Sauma Technologies, Mindgames og gervigreindarseturs HR og ræddu málín.

Sjö fyrirtæki kynntu starfsemi sína á opinni kynningu Hugmyndaráðuneytisins þann 9. maí og opnuðu fyrir umræðu um tækifæri tengd tölvuleikjapróun sem iðngrein á Íslandi.



Ný samþykkt lög sem SI hafa látið sig varða

Á vefsetri SI er að finna samantekt yfir ný samþykkt lög og breytingar á lögum sem Samtök iðnaðarins hafa látið sig varða. Um er að ræða lög, eða breytingar á lögum, sem samþykkt voru á Alþingi í lok vorþings.

2012 tækifæri...

Að undanförunu hafa Samtök iðnaðarins birt auglýsingar þar sem óskað er eftir vel menntuðu fólki til fjölda starfa eftir þrjú ár. Árið 2012 verður íslenskt samfélag á hraðri leið úr öldudalnum. Þá verður mikil eftirspurn eftir vel menntuðu fólki í áliðnaði, byggingariðnaði, listiðnaði, líftækni, matvælaíðnaði, málm- og véltækni, prentiðnaði og upplýsingatækni. Þess vegna er ástæða fyrir ungt fólk að íhuga vel námsval sitt, einmitt nú, vorið 2009.

Ákvörðun um menntun til næstu ára snýr ekki síður að stjórnvöldum en ungu fólki. Framundan er aðhald og niðurskurður í ríkisbúskapnum. Gæta þarf þess að slíkar aðgerðir bitni ekki á fyrirtækjum heldur skapi þeim réttlátan og varanlegan rekstrargrundvöll. Á þessum grunni þarf að vera hægt að byggja fyrirtækin aftur upp, m.a. mannauð þeirra.

Mikið er talað um að í krafti vel menntaðs vinnuafsl munum við hafa ríkari möguleika en ella til að ná okkur fljótt og vel úr kreppunni. Það gerist hins vegar ekki af sjálfu sér. Stjórnvöld þurfa að skapa stefnu í menntamálum sem ýtir undir og auðveldar menntakerfinu að vera einn af lykilþáttum í endurreisn landsins.

Menntun sem skapar vinnu

Samtök iðnaðarins hafa árum saman lagt áherslu á mikilvægi verk- og tækniþræðimenntunar á háskólastigi og iðn- og starfsmenntunar á framhaldsskólastigi. Við búum við öflugt menntakerfi á þessum sviðum sem við getum nýtt enn betur og markvissar án þess að kosta miklu til. Iðnmenntun er kennd við framhaldsskóla í öllum landshornum. Fjölbreytni í verkfræði og skyldum greinum hefur snaraukist undanfarin ár, m.a. með tilkomu öflugrar tækni- og verkfræðideildar við HR.

Einungis 75% íslenskra ungmenna á aldrinum 18-24 ára ljúka viðurkenndu námi í framhaldsskóla. Á Norðurlöndunum er sú tala 85-95%. Þetta þýðir að fleiri fara hér halloka á vinnumarkaði en vera þyrfti og íslensk fyrirtæki skortir aðgang að jafn samkeppnishæfu starfsfólki og í nágrennalöndunum.

Margt ungt fólk er til vitnis um að iðn- og tækniþræðimenntun skilar sér í góðum störfum síðar meir. Bæði iðnmenntun og verkfræðimenntun felur í sér möguleika til margbreytilegra skapandi starfa. Aðsókn í þessa menntun er góð en þyrfti

að vera meiri. Það þarf nefnilega miklu fleira fólk með menntun á þessum sviðum til að byggja upp atvinnulíf morgundagsins.

Menntun sem borgar skuldir

Koma þarf í veg fyrir rof í menntun ungs fólks. Við þurfum að tryggja, eins og kostur er, að sem flestir ljúki prófi úr framhaldsskóla og að drjúgur hluti þeirra haldi áfram námi í háskóla. En um leið þarf að beina athygli þessa fólks að menntun sem skilar því skapandi og vel launuðum störfum, hjá fyrirtækjum sem skapa sem mest verðmæti fyrir land og þjóð. Stjórnvöld þurfa að leggja málinu lið. Þau þurfa að tryggja, eins og kostur er, að iðn- og starfsmenntun, verk- og tækniþræðimenntun sé sett í öndvegi.

Þessi menntun skilar hraðast hagnaði í sameiginlegan sjóð landsmanna. Þetta er menntunin sem byggir upp arðbæran atvinnurekstur og gerir okkur kleift að greiða niður skuldir okkar á næstu árum.

Gæði fyrir kostnað

Framundan eru hagræðingartímar. Þá þarf að beita eins hlutlægum aðferðum og kostur er. Eitt sjónarmið hlýtur þá að



2012 tækifæri

bhs.is
bifrost.is
fa.is
fb.is

fg.is
fv.is
fnv.is
frae.is
fsh.is
fss.is
fsu.is

fvais.is
hl.is
hr.is
idan.is
idinskollinn.is
klak.is
misa.is
mk.is
simy.is
tskoli.is
unak.is
va.is
vma.is

Iðnaðurinn árið 2012 óskar eftir vel menntuðu fólki til starfa.

Á næstu árum verða vaxtarsprotar íslensks atvinnulífs í áliðnaði, byggingariðnaði, listiðnaði, líftækni, matvælaíðnaði, málm- og véltækni, prentiðnaði og upplýsingatækni.

Nám í verkmenntaskólum, háskólum og öðrum menntastofnunum er skynsamleg leið til að búa sig undir fjölbreytt tækifæri.

Mótum eigin framtíð - Núna er rétti tíminn!


Samtök iðnaðarins - www.si.is



vega þungt, að sem mest gæði fáiast fyrir opinber fjárframlög til menntunar. Iðnmenntun, verkfræði- og tækniþræðimenntun skilar sér hratt í betur reknum og arðsömum fyrirtækjum. Því þarf sérstaklega að hlúa að þessari tegund menntunar.

Ingi Bogi Bogason
forstöðumaður menntunar og mannaúts hjá
Samtökum iðnaðarins

Árlegur vöxtur landsframleiðslu 2001-2011



Heimild: Seðlabankinn og Hagstofa Íslands
* Byggt á spá Seðlabankans

Samkvæmt nýjustu efnahagsspám verður samdráttur landsframleiðslu á árinu 2009 11% sem er nokkru meiri en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Ástæðan er m.a. Sú að framkvæmdir við álver í Helgukvíð dragast á langinn og niðurskurður ríkisútgjalda hefjist þegar á þessu ári. Búið er við að atvinnuleysi nái ekki hámarki fyrr en árið 2010 og taki svo að minnka. Verðbólga er hins vegar minni en búið var við og hafa því skapast betri forsendur til lækkunar vaxta.



Um 300 á fundi um stoðumhverfi nýsköpunar

Einn liður í European SME-week, sem haldin er samtímis um alla Evrópu 6.-14. maí, var kynningarfundur um stoðumhverfi nýsköpunar hér á landi. Um 300 manns sóttu fundinn á Grand Hóteli þar sem fjöldi aðila kynnti þjónustu sína við frumkvöðla og fyrirtæki. Markmiðið var að veita heildarfyrirsýn og skapa umræður á þessu sviði.

Þetta er í fyrsta skipti sem haldin er svo heildstæð kynning á stuðningsumhverfi nýsköpunar á Íslandi og standa vonir til að þetta geti orðið árlegur viðburður. Hátækni- og sprotavettvangur Samtaka iðnaðarins stóð að fundinum ásamt Nýsköpunarmiðstöð Íslands, RANNÍS og Útflutningsráði.

Í umræðum fulltrúa fyrirtækja í pallborði kom fram að þrátt fyrir gagnsemi af mörgum stuðningsaðgerðum er stuðningurinn nokkuð brokkgengur. Vegna þess hafa verið ráðnir tveir háskólanemar til að greina stöðu og þarfir fyrirtækja fyrir straumlinulag aðra stuðningsumhverfi. Að því standa Hátækni- og sprotavettvangurinn, Klak og NSA.

Nánari upplýsingar um það sem kom fram á fundinum mun birtast á vef SI á næstunni.



Hönnun í anda Erró

Kraum, Listasafn Reykjavíkur og Hönnunarmiðstöð Íslands efndu nýlega til samkeppni meðal hönnuða um nytjahlut. Skilyrði var að hugmyndin væri sótt til verka myndlistarmannsins Erró í tilefni þess að nú í vor eru 20 ár síðan hann gaf Reykvíkum safn listaverka. Dómnefnd valdi fyrst 10 tillögur úr þeim 35 sem bárust í keppnina. Úr þeim var síðan valin ein verðlaunahönnun auk þess sem tvær tillögur hlutu viðurkenningu. Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir, vöruhönnuður hlaut verðlaun fyrir minnistöflu fyrir heimili, Óðinn Bolli Björgvinsson, fékk viðurkenningu fyrir kjöthamar og Anna Leoniak fékk viðurkenningu fyrir ávaxtaskál.

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins lögðu til verðlaunafé ásamt Listasafni Reykjavíkur og Kraumi.

Hörður á tímamótum

Eftir 24 ár hjá Marel stendur Hörður Arnarson á krossgötum. Sprotafyrirtækið sem var stofnað árið 1983 og starfaði nánast án fjármögnunar í upphafi hefur á þessum tíma breyst í stórt alþjóðlegt fyrirtæki sem er leiðandi í framleiðslu á háþrúðum tækjabúnaði fyrir matvælavinnslu í heiminum. Starfsmenn telja um fjögur þúsund og veltan á ársgrundvelli er yfir 100 milljarðar íslenskra króna.

Hörður er doktor í rafmagnsverkfræði frá Tækniháskólanum í Danmörku og hefur gegnt starfi forstjóra Marel í áratug. Áður gegndi hann störfum innan fyrirtækisins sem framkvæmdastjóri vöruþróunar og framleiðslu.

„Það hefur verið ævintýri líkast að taka þátt í þessari uppbyggingu og í raun eins og maður hafi unnið hjá mörgum fyrirtækjum svo miklar hafa breytingarnar verið,“ segir Hörður. Í hans huga er það fólkið sem hann vann með sem stendur upp úr þegar litið er yfir árin hjá Marel. Velgengni Marel felst ekki síst í því að hafa nýtt tækifæri á réttum tímamótum og eiga góða samvinnu við starfsmenn. Það hafi í raun verið með ólíkindum hversu mikil samheldnin var með starfs-

vinnslu yfir í kjúklingavinnslu og kjötvinnslu. Það má segja að við höfum breytt því á heimsvísu hvernig menn vinna kjúkling og kjöt, sem er mjög merkilegt því Íslendingar hafa ekki verið sérfræðingar á því sviði.“

Vitlaust skráð gengi krónunnar, hátt vaxtastig, hrun bankanna og gjaldeyrishöft gerðu rekstrarumhverfi Marel's erfitt. Hörður segist vera ánægður með árangurinn sem fyrirtækið hafi náð við þessar aðstæður og það megi velta því fyrir sér hverju það hefði áorkað ef aðstæður hefðu verið hagstæðari.

Evrópunefnd Samtaka iðnaðarins

Auk þess að fara fyrir hópi stofnfjáreignenda sem vilja ná yfirráðum í Byr hefur Hörður tekið að sér að leiða Evrópunefnd á vegum Samtaka iðnaðarins. Markmið hennar er að meta kosti og galla aðildar með áherslu á hagsmuni íslensks iðnaðar og hvernig hægt sé að stuðla að því að hann sé í lykilhlutverki í íslensku atvinnulífi. Miklu máli skipti að ná utan um heildarhagsmuni og fá sjónarmið allra aðila. Þá sé afar mikilvægt að Samtökin taki þátt í umræðunni á þessum tímamótum og hafi áhrif á stefnu stjórnvalda í Evrópumálunum.

Áframhaldandi notkun krónunnar hefur takmarkandi áhrif í viðskiptum og það mun hafa mikil áhrif á íslenskan iðnað. Fjalla þurfi ítarlega um hvaða afleiðingar óbreytt staða hefur fyrir iðnaðinn miðað við þá stöðu sem hagkerfið er komið í. Þá þurfi að skoða hvernig, eða hvort, fyrirtæki í alþjóðlegum viðskiptum geti starfað við núverandi aðstæður?

„Staðan núna er mjög erfið og mun erfiðari en flestir gera sér grein fyrir.“ Það traust sem hafi glatast í alþjóðaviðskiptum orsaki að aðgangur að erlendu lánsfé sé mjög takmarkaður. Gjalddeyrishöft og neyðarlög hafi grafið verulega undan trausti sem ekki var mikið fyrir. „En nú erum við komin út í horn vegna þess hvernig við höfum spilað úr okkar málum.“

Reglulegar kannanir Samtakanna hafa leitt í ljós hverjar skoðanir félagsmanna eru til Evrópumálanna. Það hjálpar

Við þurftum að finna upp hlutina sjálfir. „Engar fyrirmyndir voru til fyrir stofnun alþjóðlegs fyrirtækis hér á landi.“

fólkinu, enda hafi kjarni fólksins verið hjá fyrirtækinu frá upphafi. Þá skipti máli að vera í nánum tengslum við markaðinn og ná tökum á nýrri tækni.

„Þegar ég horfi til baka á alla uppbyggingu fyrirtækisins gleymist oft hversu mikill innri vöxturinn var og hve mikið frumkvöðlastarf var unnið. Ekkert tækni-fyrirtæki var í útflutningi sem byggði á hönnun og tækniþróun. Marel stóð fyrir vel heppnaðri tækniyfirfærslu á fisk-



nefndinni að sögn Harðar að móta tillögur um afstöðu til aðildarumsóknar, viðræðna og hvaða samningsmarkmið þurfi að hafa að leiðarljósi til að tryggja hagsmuni iðnaðar. Einnig er mikilvægt að fá félagsmenn til að taka afstöðu til tillagna nefndarinnar þegar þær liggja fyrir. Þannig verði afstaða SI alveg skýr.

Framtíðin

„Staða okkar er verri en nokkurrar annarar þjóðar í Evrópu. Við höfum ýmsa möguleika til að leysa þá, en það er alveg ljóst að það er engin auðveld lausn í stöðunni. Við komum okkur í þessa stöðu með röngum ákvörðunum og aðgerðarleysi. Það var fyrirséð með bankana að þeir myndu lenda í vandræðum, en Íslendingar vona oftast að hlutirnir reddist. Staðan er þannig að það gerist ekki núna, vandamálin hverfa ekki. Það er því óhjákvæmilegt að næstu misseri verði erfið og að við tökum ákvarðanir um hvernig við ætlum að vinna út úr þessu.“

Íslendingar hafi þó alla möguleika á að skapa alþjóðleg fyrirtæki á borð við Marel, Össur og CCP. Þó ekki hafi verið góð starfskilyrði undanfarin ár þá sýna

þessi fyrirtæki að hægt sé að hasla sér völl á nánast öllum sviðum. Það snúist um að nýta tækifærin. „Á ákveðnum tímamökum eru möguleikar. En þeir lokast og þá verða menn að finna nýja möguleika.“

Í því samhengi skipti menntun miklu máli og einnig aðgangur að fjármagni og að láta einstaklinga um restina. „Við hefðum aldrei getað sagt fyrirfram að það hentaði að búa til svona fyrirtæki, en það voru réttir menn á réttum tíma með réttu hugmyndirnar sem gerðu þau að veruleika. Með þessum forsendum verða fyrirtækin til. Þar eru Evrópumálin grundvöllur fyrir að þessar aðstæður

næstu misserin verði til staðar. Ég sé ekki aðra möguleika.“

Andstæðingar Evrópaáildar halda því gjarnan fram að með aðild að Evrópusambandinu missi Íslendingar yfirráðarétt yfir auðlindum sínum. Hörður segir að sjálfsögðu mikla hagsmuni fóligna í þeim og mikilvægt að hugsa um heildarhagsmuni. „En við megum ekki falla í þá gryfju að þær séu lykillinn að framtíðinni. Margar af ríkustu þjóðum heims eiga engar auðlindir. Við þurfum að passa okkur á því að festast ekki í þeirri auðlindahugsun. Mikilvægasta auðlindin er hugvitið.“

Árin hjá Marel eru að baki. Framundan eru óráðin verkefni manns sem segist ekki skipta oft um skoðun eða vinnu.

„Ég er mjög sáttur við þann árangur sem við náðum. Það má velja því fyrir sér hvort maður hafi áhuga á að starfa hjá sama fyrirtæki alla ævi. Ég er á góðum aldri, 46 ára, sem er góður tími fyrir breytingar.“ Nú taki við spennandi tímar hvort heldur hérlandis eða erlendis. Framtíðin verður mjög líklega iðnaðartengd, en ég mun vanda mig við að velja næsta verkefni.“

„Að kenna Bandaríkjamönnum hvernig á að vinna kjúkling tel ég eitt mesta afrek sem íslenskt fyrirtæki hefur unnið í sölu- og markaðsmálum.“

Meistaradeild í byggingariðnaði stofnuð



Frá vinstri, Sveinn Pálsson Meistarafélagi Suðurlands, Þorsteinn Sigurðsson Málameistarafélaginu, Þorkell Gunnarsson Félagi skruðgarðyrkjumeistara, Jón Steindór, Ágúst Pétursson Meistarafélagi iðnaðarmanna í Hafnarfirði, Ásgeir Magnússon og Stefán Jónsson Meistarafélagi byggingamanna á Norðurlandi

Formenn í fimm meistarafélögum í byggingariðnaði undirrituðu yfirlýsingu um að stofna Meistaradeild byggingargreina. Um er að ræða klúbb iðnmeistara innan Samtaka iðnaðarins. Tilgangurinn er að skapa öflugan þverfaglegan umræðuvettvang og auka samstarf félags-

mannna í byggingagreinum innan Samtakanna.

Um 25 iðnmeistarar og stjórnarmenn í meistarafélögum í byggingargreinum mættu á stofnfundinn. Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI, kynnti aðdragandann að stofnun Meist-

aradeildarinnar og greindi frá ýmsum verkefnum sem unnið hefur verið að hjá Samtökunum og tengjast beint og óbeint hagsmunagæslu byggingariðnaðarins.

Fundarmönnum var skipað í umræðuhópa sem ræddu hin ýmsu mál er tengjast byggingargreinunum svo sem samskipti verkkaupa og verktaka, opinber innkaup, menntamál, endurreisn fjármálalífsins og stöðu byggingariðnaðarins við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu.

Að lokinni vinnu í umræðuhópum tóku margir fundarmanna til máls og lýstu ánægju sinni með þau verkefni sem unnið hefur verið að á vegum SI og fögnuðu þessu skrefi. Ákveðið var að formenn meistarafélaganna skipuðu fyrstu stjórn Meistaradeildarinnar og fær hún það verkefni að móta starfið og setja því skipulagsramma.

Ásgeir Magnússon, verkefnastjóri byggingarsviðs SI verður tengiliður Samtakanna við Meistaradeildina.



CRI valið eitt framsæknasta fyrirtæki á Norðurlöndum

Íslenska fyrirtækið **Carbon Recycling International** hefur verið valið eitt af fimm áhugaverðustu fyrirtækjum í umhverfistækni á Norðurlöndum. CRI var valið úr hópi 50 fyrirtækja sem komust í lokaumferð á Cleantech ráðstefnunni í Kaupmannahöfn 29-30. apríl síðastliðinn. Alls sóttu 150 fyrirtæki um.

Mikilvægi umhverfistækni heldur áfram að vaxa í Evrópu og í heiminum öllum. Í Danmörku er útflutningur frá fyrirtækjum í umhverfistækni til dæmis 9% af öllum útflutningi samkvæmt upplýsingum Michael Lauridsen frá Bankinvest, sem sat í hópi fimm sérfræðinga í dómnefnd.

Carbon Recycling International var

stofnað árið 2006 og er fyrsta fyrirtækið sem sérhæfir sig í framleiðslu metanols úr koltvísýringi.

KC Tran, forstjóri CRI segir viðurkenninguna mikinn heiður, hún undirstiki trú dómnefndarinnar á vaxandi markaði fyrir endurnýjanlega orku og áform CRI um sölu á endurnýjanlegu metanóli.

„Viðurkenningin er ekki síst mikil vegna þess að eigendur fyrirtækjanna fjögurra í lokavalinu voru í dómnefndinni,” segir Andri Ottesen, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs CRI. Að komast í þennan hóp sé einnig góð kynning á fyrirtækinu, ekki síst meðal fjármögnunarfyrirtækja í Evrópu.



Vaxtalækkunin dugur skammt

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI, segir vaxtalækkun Seðlabankans þann 7. maí um 2,5% duga skammt. Lækkun niður í 13% dugi hvergi nærri til að létta á þeim sársauka fólks og fyrirtækja í landinu sem beri vaxtaþyðar. Samtök iðnaðarins hafa talað fyrir því að koma stýrivöxtunum niður fyrir 10% til að byrja með og telja forsendur fyrir hærri vöxtum en það vera frekar hæpnað. Seðlabankinn virðist stíga mjög varlega til jarðar.

„Þörf fyrir mun meiri vaxtalækkun er undirliggjandi og við verðum að treysta því að Seðlabankinn haldi áfram á þessari braut.”

Rökstuðning vanti þó frá bankanum og upplýsingar um áhrif Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á ákvörðunina, eða einingu innan peningastefnufundarinnar. Bjarni segir ákvörðunina þó ekki koma á óvart.

Ný úrgangstilskipun ESB



Sett er fram forgangsöröðun vegna úrgangsmæðhöndlunar en hún er þessi:

- Koma í veg fyrir myndun úrgangs
- Undirbúa fyrir endurnýtingu
- Endurvinnsla
- Endurnýting t.d. með orkuvinnslu
- Endanleg förgun

Í nýrri og endurnýjaðri úrgangstilskipun Evrópusambandsins er lögð meiri áhersla en áður á góða nýtingu hráefnis, og meðal annars gerð krafa um að aðildarríkin setji fram áætlun um hvernig koma eigi í veg fyrir myndun úrgangs. Hin nýja tilskipun var kynnt á fundi með SI og Sambandi íslenskra sveitarfélaga fimmtudaginn 2. apríl.

Í henni er lögð meiri áhersla á nýtingu hráefnis en gert er í fyrri tilskipun, bæði hvað varðar notkun og neyslu en einnig með aukinni áherslu á endurvinnslu og endurnýtingu. Lögð er áhersla á að styrkja aðgerðir til að minnka úrgangsmyndun og hvatt er til þess að horft sé til alls lífsferils vöru strax á hönnunarsligi. Fram koma nýjar kröfur um að aðildarríkin setji fram áætlun um hvernig eigi að koma í veg fyrir myndun úrgangs. Sett eru fram markmið um hve hátt hlutfall skuli endurunnið og endur-

nýtt af heimilisúrgangi annars vegar og byggingarúrgangi hins vegar.

Á vef SI má nálgast erindi Bryndísar Skúladóttir hjá SI og Lúðvíks Gústafs-

sonar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þar er einnig að finna samantekt Lúðvíks á efni tilskipunarinnar.

Kuðungurinn í sérsmíðuðum skáp Íslenska Gámafélagsins

Íslenska Gámafélagið hlaut Kuðunginn Ísem afhentur var við hátíðlega athöfn á málþingi um græn störf á Degi umhverfisins 25. apríl. Um 80 gestir sóttu málþingið þar sem sjö fyrirtæki í ferðaþjónustu, orkusparnaði og betri nýtingu afurða og auðlinda voru kynnt. Umhverfisráðuneytið stendur fyrir verðlaununum.

Við afhendinguna kom fram að Íslenska Gámafélagið hefði hannað og þróað sorpflokkunarkerfi til lágmarkunar úrgangs og urðunar sorps og haft frumkvæði að því að innleiða kerfið í samstarfi við bæjar- og sveitarfélög. Unnið hefur verið metnaðarfullt frumkvöðlastarf í innleiðingu sorpflokkunarkerfis frá heimilum, með það að markmiði að draga úr urðun heimilissorps um allt að 70-80%.

Jón Þórir Frantzson, forstjóri fyrirtækisins, segir viðurkenninguna mjög þýðingarmikla, ekki síst vegna þess að um einu viðurkenninguna í þessum geira sé að ræða hér á landi, „Þetta er gæðastimpill á að við höfum valið rétta leið og viðurkenning á því starfi sem við höfum unnið síðastliðin ár.“

Íslenska gámafélagið geti auk þess notað merki Kuðungsins í eitt ár á allt auglýsingaefni sitt. Það sé ákveðinn



Kolbrún Halldórsdóttir þáverandi umhverfsráðherra afhendir Jóni Þóri Frantzsyni Kuðunginn

stimpill sem hjálpi við sölu- og markaðssetningu.

Aðspurður að því hvar Kuðungurinn sé geymdur svarar Jón Þórir að hann standi á borðinu hjá sér í augnablikinu. „En það er verið að smíða undir hann sérstakan skáp sem verður það fyrsta sem blasir við í anddyri fyrirtækisins.“

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
05. tbl. 15. árg. Maí 2009
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðu: 14.05.2009
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri/efnisöflun: Sigríður Guðlaugsdóttir
Prófkalestur: Sigríður Guðlaugsdóttir, Rakei Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Starfsmenn ÍAV fullir bjartsýni vegna tónlistarhúss



Óvissa síðustu vikur og mánuði hefur verið starfsmönnum við byggingu Tónlistarhússins erfið. Byggingarstjóri verkefnisins segir að eftir að áframhaldi fjármögnun verkefnisins hafi verið

tryggt sé hugur í mönnum og mikill áhugi á að ljúka verkinu.

Austurhöfn-TR hefur eignast félögin Portus og Situs og tekið við öllum réttindum og skyldum sem fylgja samning-

um um byggingu og rekstur Tónlistar- og ráðstefnuhússins. Gert er ráð fyrir að kostnaður við að ljúka verkefninu verði 14,5 milljarðar króna. Íslenskir aðalverktakar ÍAV munu ljúka framkvæmdinni samkvæmt samkomulagi og verklok eru áætluð í febrúar árið 2011.



Langstærsti samningur Marorku í höfn

Marorka hefur gert samning við norska fyrirtækið Kongsberg sem hannar og selur stjórnkerfi í skip. Tekjur Marorku munu við þetta aukast á einu ári um 150-350 milljónir króna sem greiddar eru í evrum. Samningurinn er sá langstærsti sem fyrirtækið hefur gert frá formlegri stofnun þess árið 2002. Í honum felst að orkustjórnunarkerfi Marorku verður bætt við öll stjórnkerfi frá Kongsberg.

„Það birtir sannarlega yfir öllu með svona góðum samningi,“ segir Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku. Það hafi tekið um fjóra mánuði að vinna að samningnum, sem sé hluti af því ferðalagi sem fyrirtækið sé á. „Þetta er mjög jákvætt og gefur okkur möguleika á að vaxa hraðar.“

Marorka bætti við sig tveimur starfsmönnum í byrjun ársins eftir tilkomu Starfsorku, átaksverkefnis sem miðar að því að fjölga starfsmönnum sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Áætlað er að bæta



Jón Ágúst Þorsteinsson framkvæmdastjóri Marorku

við þremur starfsmönnum til viðbótar í haust, en þá verður starfsmannafjöldi Marorku kominn í 21. Þess má geta að hjá Kongsberg starfa rúmlega 3.300 starfsmenn í 25 löndum.

Framkvæmd

Ísleifur Sveinsson, byggingarstjóri Tónlistarhússins, segir að framkvæmdir hafi hafist að nýju í febrúar í trausti þess að niðurstaðan yrði þessi. Þá hafði vinna legið niðri við bygginguna frá áramótum, „Það eru allir mjög ánægðir með þessa lendingu og við erum fullir bjartsýni.“

Allflestir verkþættir eru komnir af stað. Vinna við að leggja rafmagn og loftræsilaagnir á neðri hæðir hússins er langt komin og verið að mála að hluta. „Menn geta haft skoðanir á því hvort okkur vantar tónlistarhús á þessum tíma eða ekki, en þeir sem koma og skoða hvað byggingin er komin langt sjá að þetta er ekki eitthvað sem hægt er að hætta við.“

Starfsmönnum fjölgað

Nú starfa um 150 manns við bygginguna, en stefnan er að fjölga starfsmönnum upp í 200 á næstunni og enn frekar í sumar. Nokkuð hefur verið um að atvinnulausir iðnaðarmenn leggi leið sína í Tónlistarhúsið og spyrjist fyrir um vinnu. Ísleifur segir greinilegt að mikið af lausu fólki sé á markaðnum. Hann vísar þeim sem hafi áhuga á starfi á að sækja um á skrifstofu ÍAV.

Nýbygging HR í Vatnsmýri kynnt

Nýtt húsnæði Háskólans í Reykjavík við Nauthólsvík var formlega kynnt starfsmönnum og aðstandendum skólans þann 30. apríl. Aðalfundur skólans var haldinn í nýbyggingunni sama dag.



Farið var með gesti í skoðanaferðir um húsið og þeim kynnt húsakynnin. Þá var boðið upp á veitingar og tónlist. Alls verður byggingin um 30 þúsund fermetrar að stærð og leysir af hólmi um 24 þúsund fermetra byggingar háskólans á fjórum stöðum í borginni.



Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi byggingarinnar verði tekinn í notkun í lok árs.

Staða fyrirtækja í líftækni góð

„Staða líftæknigeirans virðist betri en margra annarra atvinnuvega sem eru næmari fyrir þenslu og neyslu í samfélaginu, líftæknin er nefnilega langhlaup, ekki spretthlaup“ segir Einar Mäntylä, formaður Samtaka líftæknifyrirtækja (SÍL) í viðtali við Viðskiptablaðið. Vöxtur fyrirtækjanna hafi verið hægur en stöðugur og ráðist af seiglu og árangri frekar en aðgengilegu lánsfé. Rannsókn- um fyrirtækjanna hafi enn fremur vaxið fiskur um hrygg síðustu ár.

Einar er yfirmaður hugverka ORF líftækni og einn stofnenda þess. Hann gerir ráð fyrir að landslag líftæknifyrirtækja á alþjóðamarkaði muni breytast og fleiri samrunar og yfirtökur verða, „ekki síst þar sem stóru lyfjafyrirtækin eru á höttunum eftir nýsköpunarkraftin-



um og tækni- og vöruþróuninni sem býr í líftæknifyrirtækjum.“

Fjölbreytnin og breiddin sé orðin meiri en þegar flaggskip íslenskra fyrirtækja, Íslensk erfðagreining, var í sem mestum uppgangi.

Þrjú líftæknifyrirtæki hafa hafið starfsemi hér á landi nýlega, að sögn Einars, og fleiri í bígerð. Hann vonar að þau njóti þess stuðningsumhverfis sem hér hefur skapast. En passa þurfi að missa ekki hámenntaða sérfræðinga og mannauð í heimsklassa úr landi. Þá sé það áhyggjuefni ef stóru hátæknifyrirtækin, Íslensk erfðagreining, Marel, Össur og



Actavis hverfi úr landi, eftir að uppbygginga- og þróunarstarfi þeirra sé að mestu lokið. Nú sé þörfin mest á þeim atvinnutækifærum og gjaldeyri sem þau skapi.

Sóknarfæri felist hins vegar í stöðunni nú þegar fjárfestingar í fjármála fyrirtækjum séu að mestu gufaðar upp, en tækifæri í líftæknifyrirtækjum séu enn fyrir hendi.

Virðisaukinn endurgreiddur

Nú færðu allan virðisaukaskattinn endurgreiddan af greiddum vinnulaunum við framkvæmdir við íbúðarhúsnæði eða sumarbústað, hvort sem um er að ræða nýbyggingu eða eldra húsnæði sem þarfnast viðhalds eða viðbóta. Endurgreiðslan verður í boði til 1. janúar 2011.

Nánari upplýsingar er að finna á www.si.is/vsk.



Hjartavernd finnur gen sem stjórnar blóðþrýstingi



HJARTAVERND

Vísindamenn frá Hjartavernd hafa fundið gen sem hefur áhrif á nýrnastarfsemi og nýrnabilun auk þess að finna í samvinnu við alþjóðlegt teymi vísindamanna gen sem stjórnar blóðþrýstingi og hefur áhrif á háþrýsting. Frá þessu var greint á mbl.is.

Þetta eru niðurstöður rannsókna sem fjallað er um í vísindatímaritinu Nature Genetics um helgina. Annars vegar byggjast þær á niðurstöðu Öldrunarrannsóknar og hins vegar á langvarandi söfnun upplýsinga í Reykjavíkurrannsókn Hjartaverndar.

Um er að ræða tímamótaniðurstöður í rannsóknum á blóðþrýstingi. Langvarandi háþrýstingur er ein helsta ástæða heilablóðfalla og verulegur áhættuþáttur fyrir þróun kransæðasjúkdóma og hjartaáfalla. Talið er að þriðjungur einstaklinga á miðjum aldri þjáist af háþrýstingi.

Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar, segir í viðtali að niðurstöður nýrnarannsóknarinnar gefi von um að hægt verði að öðlast betri skilning á langvinnri nýrnabilun og finna nýja meðferðarmöguleika eða koma í veg fyrir sjúkdóminn. Með hækkandi aldri þjóða er nýrnabilun vaxandi vandamál. Langvarandi nýrnabilun er einnig verulegur áhættuþáttur í hjarta- og æðasjúkdómum.